

- 79** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Gamalmennasjóð Glæsibæjarhrepps“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. ágúst 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Gamalmennasjóð Glæsibæjarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gamalmennasjóður Glæsibæjarhrepps.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur, gefnar af Stefáni Stefánssyni, Hlöðum í Glæsibæjarhreppi, á áttræðisafmæli hans, 1. febr. 1932.

3. gr.

Tilgangur gefandans með sjóðstofnun þessari er að styrkja fátæk gamalmenni í Glæsibæjarhreppi.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í sparissjóði Glæsibæjarhrepps og séu vextirnir lagðir við höfuðstólinn. Skal sjóðurinn standa óhreyfður í 20 ár. Gjafir og annað fé, er sjóðnum kann að áskotnast, skal einnig leggjast við höfuðstólinn. Hætti sparissjóður Glæsibæjarhrepps að starfa, skal ávaxta féð í Söfnunarsjóði Íslands.

5. gr.

Styrk úr sjóðnum skal úthlutað fyrir jól ár hvert, í fyrsta skipti árið 1952 — en á því ári er aldarafmæli stofnandans. Skal þá varið til styrkveitinga $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna, en $\frac{1}{4}$ hluti skal ávallt lagður við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Hreppstjórinn í Glæsibæjarhreppi, hreppsnefndaroddivitinn í sama hreppi, og formaður sparissjóðs Glæsibæjarhrepps. — Hafi einn maður tvö eða öll þessi störf á hendi kýs sveitarstjórnin í Glæsibæjarhreppi mann eða menn, svo stjórn sjóðsins verði fullskipuð á hverjum tíma. Sama gildir ef einhver þessi staða leggst niður.

7. gr.

Stjórn sjóðsins sér um allar fjárreiður hans, ákveður styrksupphæðir og úthlutar þeim til styrkþega. Heldur hún gerðabók, þar sem inn séu færðar álykt-

anir hennar, reikningar sjóðsins, og nöfn, heimili og aldur þeirra, er styrk hafa hlotið. Ennfremur upphæðir hins veitta styrks. Útdráttur úr gerðabókinni skal birtur á almennum sveitarfundi ár hvert.

79
5. ágúst

Stjórnin vinnur störf sín endurgjaldslaust.

8. gr.

Styrkhæfur er hver sá, sem náð hefir 70 ára aldri, er eignalaus og á enga efnaða framfærendur, án tillits til þess, hvort hann nýtur sveitarstyrks eða ekki. Þó skal að jafnaði — ef um marga er að ræða — þeir sitja fyrir um styrk, sem eru munaðarlausir, en bjargast áfram af eigin rammleik.

Heimilt er og stjórninni, að veita mönnum styrk þó yngri séu en 70 ára, ef um veruleg bágindi er að ræða, svo og, ef styrkveiting til manna yfir sjötugt er ekki álitin nauðsynleg.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af sömu mönnum og reikningur sveitarsjóðsins, og úrskurðast af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Hlöðum, 2. apríl 1932.

Stefán Stefánsson.

REGLUGERÐ

80
15. ágúst

um

nautgriparékt.

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en átta mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum nema heimild til þess felist í reglugerð þessari.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi þar sem ekki er nautgriparéktarfélag, sem hefir fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina til sveita fer eftir sömu reglum og gilda um kosningu til hreppsnefnd, en í bæjum skal nefndin kosin af bæjarstjórn. Þar sem er starfandi nautgriparéktarfélag sem í er meiri hluti kýreiganda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.